



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 24. janúar 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 84. fundar þriðjudaginn 24. janúar 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 10. janúar.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 18. janúar.
3. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 16. janúar.
4. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 19. janúar.

Afgreiðslur:

Forseti óskaði eftir því að upp yrði tekinn liðurinn önnur mál. Fundurinn samþykkti það samhljóða.

1. Fundargerð 148. fundar bæjaráðs í 9 liðum frá 10. janúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.
2. Fundargerð 149. fundar bæjaráðs í 5 liðum frá 18. janúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin rædd og að umræðum loknum bar forseti fundargerðina upp og fundurinn samþykkti hana með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð húsnæðisnefndar í 2 liðum frá 16. janúar sl. kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
4. Fundargerð menningar- og safnanefndar í 4 liðum frá 19. janúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Valdimar Guðmannsson óskaðir eftir því að bókað sé að hann óskar eftir upplýsingum um tekjur og gjöld vegna sumarhátíðarinnar "Matur og menning" sl. sumar. Upplýsingarnar liggja fyrir á næsta bæjarstjórnarfundum.
5. Önnur mál.
 - a. Reglur um afslátt fasteignaskatts 2006, tillögur lagðar fram:
 1. Reglur um afslátt fasteignaskatts taka einungis til þeirra einstaklinga er höfðu lögheimili á Blönduósi 1. desember 2005.
 2. Elli- og örorkulífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu 1. janúar 2006 fái lækkun á álögdum fasteignaskatti á íbúð vegna eigin nota allt að kr. 25.000,-.
 3. Allir einstaklingar sem uppfylla neðangreind ákvæði (a. og b.) og búa í eigin húsnæði, geta sótt um lækkun á fasteignaskatti fyrir 1. apríl 2006. Með umsókn fylgi staðfest afrit af skattframtali vegna tekna ársins 2005.

a. Lækkun fasteignaskatts til einstaklings með tekjur allt að kr. 1.092.000 og hjóna (sambýlisfólks) með tekjur allt að kr. 1.788.000 skal nema 80% af lækkun skv. lið 2 þ.e. kr. 20.000.

b. Lækkun fasteignaskatts til einstaklings með tekjur allt að kr. 1.365.600 og hjóna (sambýlisfólks) með tekjur allt að kr. 2.210.400 skal nema 50% af lækkun skv. lið 2 þ.e. kr. 12.500

4. Bæjarráði Blönduóssbæjar er heimilt að meta grundvöll að lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts í einstökum (sérstökum) tilfellum hjá öðrum en að ofan greinir, enda séu um það sérstakar reglur.

5. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

Tillögurnar bornar upp og þær voru samþykktar með 7 atkv. samhljóða.

- b. Samkvæmt 145. fundar bæjarráðs frá 7. desember sl. vísar bæjarstjórn því til bæjarráðs að ráðið taki upp og athugi samþykktir og fundarsköp Blönduóssbæjar til að auka skilvirkni og einfalda stjórnáslu sveitarfélagsins.
- c. Jóna Fanney Friðriksdóttir er tilnefnd í starfshóp um félagsmálaþjónustu A-Hún. sem fulltrúi Blönduóssbæjar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45.

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason
Jóhanna G. Jónasdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir
Anna Margrét Jónsdóttir
Sigurður Jóhannesson
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Ragnar Ingi Tómasson